

## REGLUGERÐ

### um breytingu á reglugerð um flugvernd nr. 361/2005.

1. gr.

*Innleiðing.*

Með reglugerð þessari öðlast gildi hér á landi reglugerð framkvæmdastjórnarinnar nr. 358/2008 frá 22. apríl 2008 um breytingu á reglugerð (EB) nr. 622/2003 um ráðstafanir til að framfylgja sameiginlegum grunnreglum um flugvernd, merkt fylgiskjal XXI, samkvæmt ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar um breytingu á XIII. viðauka EES-samningsins nr. 118/2008 frá 7. nóvember 2008 með þeim breytingum og viðbótum sem leiðir af XIII. viðauka EES-samningsins, bókun 1 um altæka aðlögun og öðrum ákvæðum hans.

Reglugerðin er birt sem fylgiskjal með reglugerð þessari.

2. gr.

*Gildistaka.*

Reglugerð þessi er sett samkvæmt heimild í 70. gr. d, sbr. 145. gr. laga um loftferðir nr. 60/1998 með síðari breytingum og öðlast þegar gildi.

*Samgönguráðuneytinu, 8. apríl 2009.*

**Kristján L. Möller.**

---

*Ragnhildur Hjaltadóttir.*

**Fylgiskjal XXI.**

**REGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (EB) nr. 358/2008**

**frá 22. apríl 2008**

**um breytingu á reglugerð (EB) nr. 622/2003 um ráðstafanir til að framfylgja sameiginlegum grunnreglum um flugvernd**

**(Texti sem varðar EES)**

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUBANDALAGANNA HEFUR,

með hliðsjón af stofnsáttmála Evrópubandalagsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 2320/2002 frá 16. desember 2002 um sameiginlegar reglur um flugvernd í almenningflugum<sup>(1)</sup>, einkum 2. mgr. 4. gr.,

*og að teknu tilliti til eftirfarandi:*

- 1) Framkvæmdastjórninni ber, þegar þörf krefur, skv. 2. mgr. 4. gr. reglugerðar (EB) nr. 2320/2002, að samþykkja ráðstafanir til að framfylgja sameiginlegum grunnreglum um flugvernd í öllu Bandalaginu. Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 622/2003 frá 4. apríl 2003 um ráðstafanir til að framfylgja sameiginlegum grunnreglum um flugvernd<sup>(2)</sup> var fyrsta gerðin þar sem mælt var fyrir um slíkar ráðstafanir.
- 2) Endurskoða skal ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í reglugerð (EB) nr. 622/2003, í ljósi tæknifróunar, afleiðinga fyrir rekstur flugvalla og áhrifa á farþega. Frekari rannsóknir hafa sýnt fram á að kostir þess að fastsetja reglur um stærð handfarangurs vega ekki þyngra en afleiðingarnar sem þetta getur haft á rekstur flugvalla og þeirra áhrifa sem það hefði á farþega. Því skal fella brott þessa reglu sem myndi koma til framkvæmda frá og með 6. maí 2008.
- 3) Breyta ber reglugerð (EB) nr. 622/2003 til samræmis við það.
- 4) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit nefndarinnar um flugvernd í almenningflugum.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

*1. gr.*

Viðaukanum við reglugerð (EB) nr. 622/2003 er breytt eins og fram kemur í viðaukanum við þessa reglugerð.

*2. gr.*

Reglugerð þessi öðlast gildi 5. maí 2008.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 22. apríl 2008.

*Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,*

Jacques BARROT

*varaforseti.*

---

(<sup>1</sup>) Stjtið. EB L 355, 30.12.2002, bls. 1. Reglugerðinni var breytt með reglugerð (EB) nr. 849/2004 (Stjtið. ESB L 158, 30.4.2004, bls. 1).  
(<sup>2</sup>) Stjtið. ESB L 89, 5.4.2003, bls. 9. Reglugerðinni var síðast breytt með reglugerð (EB) nr. 23/2008 (Stjtið. ESB L 9, 12.1.2008, bls. 12).  
*VÍÐAUKI*

G-liður í lið 4.1.1.1 í viðaukanum við reglugerð (EB) nr. 622/2003 fellur brott.

---

**B-deild – Útgáfud.: 29. apríl 2009**